

Kirkjuþing 2020-2021.

36. mál - þskj. 71.

Nefndarálit
við tillögu til þingsályktunar um brottfall ýmissa laga og réttarreglna
er varða málefni þjóðkirkjunnar.

Frá löggjafarnefnd.
Frsm. Steindór R. Haraldsson.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin tekur undir með flutningsmanni að mörg ákvæðanna, sem talin eru upp í málinu, séu löngu úrelt og hafi, samkvæmt tilgangi sínum, verið efnd. Nefndin tekur einnig undir þá ábendingu í greinargerðinni að ef kirkjuþingsfulltrúar telji að eitthvað sé í þeim lagaákvæðum eða réttarreglum, sem lagt er til að falli brott, eigi heima í regluverki kirkjunnar, þá ætti það að vera verkefni fyrir forseta þingsins og fastanefndir þess að koma slíku fyrir í starfsreglum kirkjuþings.

Í umræðum um málið kom fram að nauðsynlegt sé að varðveita þá kirkjusögu sem felst í þessum gömlu réttarheimildum. Löggjafarnefnd leggur áherslu á að það verði gert. Enn fremur leggur nefndin áherslu á að sveitarfélögum verði áfram skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.

Löggjafarnefnd leggur til að kirkjuþing samþykki málið á þingskjali 36 óbreytt.

Reykjavík, 7. nóvember 2020.

Steindór R. Haraldsson, formaður.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Arna Grétarsdóttir.

Axel Árnason Njarðvík.

Bryndís Malla Elíóttir.

Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson.

Skúli S. Ólafsson.

Stefán Magnússon.